

## ORÐSKÝRINGAR

### MÓÐURMÁL

Móðurmál er tungumálið eða tungumálin sem barnið lærir fyrst við og af foreldrum sínum. Máltaka móðurmáls hefst í móðurkviði. Oft er þetta tungumálið sem fjölskyldan notar þegar hún talar saman. Barn getur átt eitt eða fleiri móðurmál t.d. ef foreldrar tala hvert sitt tungumál við barnið og barnið tileinkar sér bæði málin samhliða. Móðurmál er einnig kallað fyrsta mál barnsins.

### ANNAÐ MÁL

Talað er um „annað mál“ sem tungumálið sem barnið lærir eftir að það hefur tileinkað sér móðurmálið. „Annað“ vísar þannig til þess að barn læri tungumálið á eftir móðurmálinu sínu. Annað mál getur verið þriðja eða fjórða tungumál barnsins ef barnið á fleiri en eitt móðurmál. Á Íslandi er yfirleitt talað um íslensku sem annað mál enda er íslenska opinbert tungumál á Íslandi.

### ERLENT TUNGUMÁL

Hugtakið „Erlend tungumál“ er notað yfir þau tungumál sem einstaklingar læra í skóla eða í námi án þess að þau séu hluti af daglegu lífi þeirra. Á Íslandi eru enska og danska oftast fyrstu erlendu tungumálin sem grunnskólabörn læra.

### TVÍTYNGI / FJÖLTYNGI

Þegar barn lifir í og notar fleiri en eitt tungumál daglega er talað um að barnið sé tvítyngt eða fjöltyngt. Það að tala um börn sem tví- eða fjöltyngd í þessu sambandi segir ekki til um kunnáttu þeirra eða færni í tungumálunum. Það getur verið að barnið hafi jafn mikið vald á báðum/öllum tungumálunum þó stundum sé það þannig að barnið hafi meira vald á einu tungumáli en öðru. Oft verður ríkjandi tungumál barns það tungumál sem talað er í skólanum.

### TUNGUMÁLIÐ SEM ER „Á LEIÐINNI“

Með þessu er átt við tungumál sem hefur sínar eigin reglur og breytist stöðugt. Segja má að þetta sé „tungumálið sem er á leiðinni“ þegar barnið er að reyna að þróa nýtt tungumál t.d. íslensku. Tungumál barnsins einkennist af villum en það er á þennan hátt sem barnið prófar sig áfram og þróar smámsaman tungumál sitt eftir því sem reynslan eykst.

### RÍKJANDI TUNGUMÁL

Þetta hugtak gefur til kynna að tilteknir staðir t.d. leikskólinn eða heimilið séu tengdir við ríkjandi tungumál á hverjum stað. Ríkjandi tungumál á heimili væri þannig það tungumál sem notað er mest í samskiptum og ríkjandi tungumál í leikskólanum og í íslensku samfélagi væri þá íslenska.

### AÐ SKIPTA Á MILLI TUNGUMÁLA (CODE SWITCHING – TRANSLANGUAGING)

Það er bæði algengt og eðlilegt að barn skipti á milli tungumála í sömu setningu. Stundum er um meðvitað val að ræða sem barnið notar til að geta haldið uppi samskiptum við einstaklinga sem þekkja sömu tungumál. Stundum gerist þetta þegar barnið hefur ekki sama orðaforða á báðum tungumálum. Hægt er að styðja við tjáningu barnsins með því að endurtaka það sem barnið segir á því tungumáli sem verið er að leggja inn.